

Opinbert tilboðsyfirlit

Fjárfestingarfélagsins Straums hf.
til hluthafa Íslenska hugbúnaðarsjóðsins hf.

30. apríl 2003



Til hluthafa

Þann 1. apríl 2003 keypti Fjárfestingarfélagið Straumur hf. 30,07% hlutafjár í Íslenska hugbúnaðarsjóðnum hf. af Landssíma Íslands hf. og Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins. Eftir kaupin er eignarhlutur Fjárfestingarfélagsins Straums hf. 75,50% af heildarhlutafé Íslenska hugbúnaðarsjóðsins hf. Viðskiptin fóru fram á genginu 1,60 og var greitt fyrir hlutina með nýjum hlutum í Fjárfestingarfélaginu Straumi hf. miðað við gengið 3,15 samkvæmt ákvörðun stjórnar með stoð í samþykktum félagsins.

Um leið og eignarhlutur félagsins fór yfir 50% stofnaðist lögum samkvæmt skylda til að gera yfirtökutilboð í aðra hluti í Íslenska hugbúnaðarsjóðnum hf. Fjárfestingarfélagið Straumur hf. mun bjóða hluthöfum í Íslenska hugbúnaðarsjóðnum hf. að kaupa hlutabréf þeirra í félaginu fyrir nýja hluti í Fjárfestingarfélaginu Straumi hf. sem er í samræmi við ákvæði V. kafla laga nr. 34/1998 um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, sbr. reglugerð nr. 432/1999 um yfirtökutilboð.

Íslenski hugbúnaðarsjóðurinn hf. verður rekinn sem dótturfélag Fjárfestingarfélagsins Straums hf. og mun áfram fjárfesta á sviði upplýsingatækni og fjarskipta. Jafnframt mun félagið leita fjárfestingartækifæra á fleiri sviðum óskráðra verðbréfa.

Frá framkvæmdastjóra Fjárfestingarfélagins Straums hf.



Það er mat stjórnenda Fjárfestingarfélagins Straums hf. að í kjölfar lækkana á upplýsingatæknifyrirtækjum undanfarin þrjú ár hafi skapast tækifæri á þeim markaði sem mikilvægt er að nýta félaginu til framdráttar. Íslenski hugbúnaðarsjóðurinn hf. hefur aðallega fjárfest í upplýsingatæknifyrirtækjum og er félagið meðal fremstu framtaksfjárfesta á Íslandi. Félagið sérhæfir sig aðallega í fjárfestingum í norrænum og evrópskum upplýsingatæknifyrirtækjum sem hafa góða vaxtarmöguleika og eru samkeppnishæf á alþjóðamörkuðum.

Með kaupnum er Fjárfestingarfélagið Straumur hf. að fjárfesta í félagi sem hefur fjárfest í óskráðum hlutabréfum. Innan Fjárfestingarfélagins Straums hf. hefur ekki verið lögð áhersla á óskráð bréf en slíkar fjárfestingar krefjast mikillar sérhæfingar og þekkingar. Íslenski hugbúnaðarsjóðurinn er mikilvægur frumkvöðull á sviði upplýsingatækni sem leggur ríka áherslu á ítarlegar áreiðanleikakannanir við undirbúning fjárfestingaákvæðana. Kaupin breikka því þann grunn sem Fjárfestingarfélagið Straumur hf. starfar á í dag og um leið opnast tækifæri fyrir félagið að byggja upp öfluga þekkingu innan þess í óskráðum félögum sem nýtast bæði hérlendis og erlendis.

Kaup Fjárfestingarfélagins Straums hf. á Íslenska hugbúnaðarsjóðnum hf. styrkir bæði félögin til framtíðar. Samhliða kaupum Fjárfestingarfélagins Straums hf. á hlutum í Íslenska hugbúnaðarsjóðnum hf. breiðkar sá grunnur sem félagið er að starfa á og um leið styrkir það Fjárfestingarfélagið Straumur hf. í að vera leiðandi afl á innlendum fjármagnsmarkaði.

Þórður Már Jóhannesson
Framkvæmdastjóri Fjárfestingarfélagins Straums hf.

Frá framkvæmdastjóra Íslenska hugbúnaðarsjóðsins hf.



Íslenski hugbúnaðarsjóðurinn hf. hefur staðið af sér einhverja erfiðustu niðursveiflu sem einstakur markaðsgeiri hefur orðið fyrir. Andstreyminu hefur verið mætt með framsækinni sóknarstefnu félagsins sem sýnir sig m.a. í sameiningum við önnur eignasöfn s.s. frá Búnaðarbanka Íslands hf., Landsbanka Íslands hf., Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins, Talentu Luxembourg Holding S/A og Landssíma Íslands hf. Í eignasafni Íslenska hugbúnaðarsjóðsins hf. er að finna nokkur af framsæknustu hugbúnaðarfyrirtækjum Íslands með umtalsverða möguleika til útrásar á erlenda markaði á næstu misserum. Til þess að væntingar þessar megi rætast er afar mikilvægt að eignasafnið eigi sér öflugan bakhjarl sem stutt getur framvindu fyrirtækjanna á ýmsa vegu.

Það er skoðun mín að kaup Fjárfestingarfélagins Straums hf. á Íslenska hugbúnaðarsjóðnum hf. staðfesti ekki aðeins þá möguleika sem felast í eignasafni Íslenska hugbúnaðarsjóðsins hf., heldur tryggji enn frekar áframhaldandi eflingu þess. Fjárfestingarfélagið Straumur hf. færir félaginu þann aukna slagkraft sem þarf til að sækja enn fastar fram í fjárfestingum í óskráðum verðbréfum.

Skúli Valberg Ólafsson
Framkvæmdastjóri Íslenska hugbúnaðarsjóðsins hf.

Almennar upplýsingar um tilboðið

Tilboð þetta er gert með vísan til laga nr. 34/1998 um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, sem og reglugerðar nr. 432/1999 um yfirtökutilboð.

Tilboðsgjafi

Fjárfestingarfélagið Straumur hf., kt. 701086-1399, Borgartúni 30, 105 Reykjavík. Hlutabréf félagsins eru skráð á Aðallista Kauphallar Íslands hf. og er auðkenni þeirra FJST.

Félag og hlutir sem tilboðið tekur til

Íslenski hugbúnaðarsjóðurinn hf., kt. 560497-2299, Sætúni 8, 105 Reykjavík. Hlutabréf Íslenska hugbúnaðarsjóðsins hf. eru skráð á Aðallista Kauphallar Íslands hf. og er auðkenni þeirra IHUG.

Tilboð þetta tekur til allra hluta í Íslenska hugbúnaðarsjóðnum hf., sem ekki eru fyrir í eigu Fjárfestingarfélagins Straums hf. Eignarhlutur Fjárfestingarfélagins Straums hf. var þann 30. apríl 2003, 75,50% af heildarhlutafé Íslenska hugbúnaðarsjóðsins hf. Heildarhlutafé Íslenska hugbúnaðarsjóðsins hf. er 1.415.121.096,00 kr. að nafnverði og eigin bréf félagsins eru 2.156.890 kr. að nafnverði, eða 0,15%. Virkur eignarhlutur Fjárfestingarfélagins Straums hf. í Íslenska hugbúnaðarsjóðnum er því 75,62%.

Umsjónaraðili

Fyrirtækjaþróun Landsbanka Íslands hf., Laugavegi 77, 155 Reykjavík, hefur umsjón með tilboði þessu fyrir hönd Fjárfestingarfélagins Straums hf.

Tilboðsverð og greiðsluskilmálar

Tilboðsverðið er 1,60 kr. fyrir hverja krónu nafnverðs í Íslenska hugbúnaðarsjóðnum hf. Greitt verður fyrir hlutina með nýjum hlutum í Fjárfestingarfélaginu Straumi hf. m.v. gengið 3,15. Skiptigengið er því 0,508 kr. hlutafjár í Fjárfestingarfélaginu Straumi hf. fyrir hverja krónu nafnverðs í Íslenska hugbúnaðarsjóðnum hf.

Verð og greiðsluskilmálar eru hinir sömu og í kaupum Fjárfestingarfélagins Straums hf. á alls 30,07% hlut í Íslenska hugbúnaðarsjóðnum hf. af Landssíma Ísland hf. og Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins hinn 1. apríl 2003. Verðið er það hæsta sem Fjárfestingarfélagið Straumur hf. hefur greitt fyrir hluti í Íslenska hugbúnaðarsjóðnum hf. á undanförunum 6 mánuðum.

Hlutafé í Fjárfestingarfélaginu Straumi hf.

Nafnverð hlutafjár í Fjárfestingarfélaginu Straumi hf. er 3.020.755.441,00 kr.

Í 4.gr. samþykktu félagsins er stjórn félagsins veitt heimild til að hækka hlutafé þess um allt að 1.500.000.000 kr. að nafnverði með áskrift nýrra hluta. Stjórn félagsins hefur þegar nýtt 216.170.647 kr. að nafnverði af þessari hækunarheimild og eru því 1.283.829.353 kr. að nafnverði ónýttar.

Eigin bréf Fjárfestingarfélagins Straums hf. eru hinn 30. apríl 2003, 4.000.000 kr. að nafnverði. Hlutabréf félagsins eru öll jafnréttá og eru þau öll í einum flokki. Engar hömlur eru á meðferð hluta í félaginu.

Það er stefna Fjárfestingarfélagins Straums hf. að greiða í arð 30-50% af hagnaði félagsins ár hvert. Á aðalfundi félagsins þann 14. mars 2003 var ákveðið að greiða 16% arð af nafnverði hlutafjár m.v. hlutafjáreign 13. mars 2003.

Í töflunni er yfirlit yfir nokkrar lykiltölur úr ársreikningum Straums árin 2000-2002 og úr árshlutaupplýsingum félagsins 31. mars 2003.

<i>Fjárfæðir í þúsundum króna</i>	31/3 2003	2002	2001	2000
Alkoma	283.424	809.735	-1.038.061	174.520
Arðsemi eigin fjár*	3,3%	11,0%	-14,1%	2,4%
Eiginfjárlutfall	72,0%	97,2%	62,5%	62,0%
Arðsprósenta	-	16,0%	-	7,0%

*Mikil er við innlystan hagnaðleik

Afhending hlutabréfa í Fjárfestingarfélaginu Straumi hf.

Að loknum fresti til að samþykka tilboð þetta verða gefnir út nýir hlutir í Fjárfestingarfélaginu Straumi hf. til kaupa á hlutum þeirra í Íslenska hugbúnaðarsjóðnum hf., sem samþykka tilboðið. Stefnt er að því að hlutabréfaskiptin verði framkvæmd í kerfi Verðbréfaskráningar Íslands hf. [Verðbréfaskráning] hinn 6. júní 2003. Frá þeim tíma, sem hlutabréfaskiptin hafa verið framkvæmd í kerfi Verðbréfaskráningar hafa hluthafar sem réttilega hafa afhent hluti

sina í Íslenska hugbúnaðarsjóðnum hf. fulla ráðstöfunarheimild yfir hlutum sínum í Fjárfestingarfélaginu Straumi hf. Hlutabréfaskiptin eru hluthöfunum að kostnaðarlausu.

Rafræn skráning hlutabréfa og skipti á hlutabréfum

Hlutabréf beggja félaga, Fjárfestingarfélagsins Straums hf. og Íslenska hugbúnaðarsjóðsins hf. eru rafrænt skráð í kerfi Verðbréfaskráningar Íslands hf. ISIN númer hlutabréfa Fjárfestingarfélagsins Straums hf. er IS0000000644 og ISIN númer hlutabréfa Íslenska hugbúnaðarsjóðsins hf. er IS0000001253. Réttindi yfir hlutabréfum í Fjárfestingarfélaginu Straumi hf. verða því skráð á VS-reikning viðkomandi hluthafa.

Tilboðshafar

Allir hluthafar Íslenska hugbúnaðarsjóðsins hf. fá sent tilboðsyfirlit þetta og eyðublað til samþykkis tilboði. Einnig er hægt að nálgast gögnin hjá Fjárfestingarfélaginu Straumi hf., Sættúni 8, 105 Reykjavík, www.straumur.net og hjá Landsbanka Íslands hf., Fyrirtækjapróun, Laugavegi 77, 155 Reykjavík, www.landsbanki.is.

Gildistími tilboðsins

Tilboð þetta gildir til kl. 16:00 hinn 30. maí 2003. Samþykki verður að hafa borist fyrir þann tíma á meðfylgjandi eyðublaði til Landsbanka Íslands hf., Fyrirtækjapróunar, Laugavegi 77, 155 Reykjavík.

Innlausn hlutafjár

Samkvæmt 24. og 25. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995 getur hluthafi sem á meira en 9/10 hlutafjár í félagi krafist þess að aðrir hluthafar sæti innlausn á hlutum sínu í félaginu.

Upplýsingarskylda

Sem fyrr segir eru hlutabréf Fjárfestingarfélagsins Straums hf. skráð á Aðallista Kauphallar Íslands hf. og sinnir félagið því viðvarandi upplýsingarskyldu sinni með birtingu tilkynninga í fréttakerfi Kauphallar Íslands hf., sbr. 24. gr. laga nr. 34/1998 um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða.

Athygli er vakin á því að í kjölfar hlutafjárhækkunar í Fjárfestingarfélaginu Straumi hf. vegna þessa tilboðs mun félagið birta skráningarlýsingu, í samræmi við reglugerð 434/1999 um opinbera skráningu verðbréfa í Kauphöll.

Framtíðarsýn

Hlutabréf Íslenska hugbúnaðarsjóðsins hf. eru skráð á Aðallista Kauphallar Íslands hf. en verða afskráð eftir að gildistími yfirtökutilboðs þessa er liðinn. Íslenski hugbúnaðarsjóðurinn hf. verður rekinn sem dótturfélag Fjárfestingarfélagsins Straums hf. og mun áfram fjárfesta á sviði upplýsingatækni og fjarskipta. Jafnframt mun félagið leita fjárfestingartækifæra á fleiri sviðum óskráðra verðbréfa.

Íslenski hugbúnaðarsjóðurinn hf. sérhæfir sig í fjárfestingum í upplýsingatækniiðnaði. Fjárfestingar félagsins beinast að fyrirtækjum á sviði upplýsingatækni með mikla útrásarmöguleika. Félagið leggur áherslu á miðlun þekkingar og viðskiptatengsla á milli fyrirtækja sem félagið á hlut í auk samstarfs við innlenda og erlenda áhættufjárfesta. Til að þess að draga úr áhættu sem stafar af fjárfestingum í óskráðum félögum leitast Íslenski hugbúnaðarsjóðurinn hf. almennt við að eignast virkan hlut í þeim félögum sem fjárfest er í til þess að tryggja að félagið geti átt sinn fulltrúa í stjórn þeirra. Þetta gerir félagið til þess að vernda fjárfestingu sína og fylgja eftir viðskiptaáætlunum. Með því gefst starfsmönnum tækifæri til að fylgjast vel með þeim félögum sem fjárfest hefur verið í. Um leið gerir það þeim kleift að vera viðbúnir því að grípa til viðeigandi ráðstafana ef nauðsyn krefur.

Fjárfestingarfélagið Straumur hf. er óháð framsækið fjárfestingarfélag sem sérhæfir sig í fjárfestingum í atvinnurekstri bæði innanlands og utan, með hámarksarðsemi að leiðarljósi. Framtíðarhorfur Íslenska hugbúnaðarsjóðsins hf. byggjast fyrst og fremst á horfum og sóknarfærum þeirra fyrirtækja sem eru í eignasafni félagsins á hverjum tíma. Mörg af þeim félögum sem eru í eigu Íslenska hugbúnaðarsjóðsins hf. hafa þegar náð góðum árangri í sókn á erlenda markaði með hugbúnað og þjónustu.

Eftir miklar lækkanir á verðmæti óskráðra fyrirtækja undanfarin misseri er ljóst að fjárfestingartækifæri eru víða góð. Undanfarin ár hefur orðið vart við nokkra samþjöppun og sameiningar upplýsingatæknifyrirtækja á íslenska markaðinum. Hvetja þarf enn frekar til slíkrar þróunar og mun það verða eitt af verkefnum félagsins enda er það rökrétt og hagkvæmt fyrir eigendur þeirra félaga sem í hlut eiga. Sú samþjöppun á eignarhaldi upplýsingatæknifyrirtækja sem m.a. átt hefur séð stað fyrir tilstilli Íslenska hugbúnaðarsjóðsins hf. á síðustu misserum styður ofangreinda þróun.

Íslenski hugbúnaðarsjóðurinn hf. sjálft hefur heldur ekki farið varhluta af sameiningar- og samþjöppunarmálum. Félagið hefur keypt og yfirtekið óskráð upplýsingatækniöfn margra af helstu banka- og fjárfestingastofnunum landsins. Með aukinni stærð félagsins, sterkum bakhjarli sem Fjárfestingarfélagið Straumur hf. er ásamt hluthöfum þess, aukast líkurnar á samstarfi og samvinnu við erlenda fjárfesta til muna auk þess sem félagið verður betur fært um að sinna nauðsynlegum stuðningi og fjárhagslegri eftirfylgni í þeim fjárfestingum sem félagið er í.

Samþykki tilboðs

Fjárfestingarfélagið Straumur hf., kt. 701086-1399, Borgartúni 30, 105 Reykjavík, hefur í samræmi við lög nr. 34/1998 um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, sbr. reglugerð nr. 432/1999 um yfirtökutilboð, gert hluthöfum í Íslenska hugbúnaðarsjóðnum hf., kt. 560497-2299, Sætúni 8, 105 Reykjavík, tilboð í hlutabréf þeirra í Íslenska hugbúnaðarsjóðnum hf., sbr. tilkynning í fréttakerfi Kauphallar Íslands hf. og auglýsing í Morgunblaðinu hinn 30. apríl 2003. Skiptigengi tilboðsins er 0,508 kr. hlutafjár í Fjárfestingarfélaginu Straumi hf. fyrir hverja krónu nafnverðs í Íslenska hugbúnaðarsjóðnum hf. Frekari upplýsingar er að finna í tilboðsyfirlitinu.

Að loknum fresti til að samþykkja tilboðið verða gefnir út nýir hlutir í Fjárfestingarfélaginu Straumi hf. til að mæta kaupum á hlutum þeirra hluthafa í Íslenska hugbúnaðarsjóðnum hf. sem samþykkja tilboðið. Stefnt er að því að hlutabréfaskiptin verði framkvæmd í kerfi Verðbréfaskráningar Íslands hf., 6. júní 2003. Frá þeim tíma, sem hlutabréfaskiptin hafa verið framkvæmd í kerfi Verðbréfaskráningar Íslands hf. hafa hluthafar sem réttilega hafa afhent hluti sína í Íslenska hugbúnaðarsjóðnum fulla ráðstöfunarheimild yfir hlutum sínum í Fjárfestingarfélaginu Straumi hf. Hlutabréfaskiptin eru hluthöfunum að kostnaðarlausu.

Ég, undirrituð/aður hluthafi í Íslenska hugbúnaðarsjóðnum hf. (vinsamlega notið prentstafi)

Nafn: _____ Kennitala: _____
 Heimilisfang: _____ Sveitarfélag: _____
 Símanúmer: _____

samþykki hér með tilboð Fjárfestingarfélagsins Straums hf., dags. 30. apríl 2003 um að selja félaginu hlutabréf mín, að neðangreindu nafnverði, í Íslenska hugbúnaðarsjóðnum hf. í skiptum fyrir hlutabréf í Fjárfestingarfélaginu Straumi hf. á neðangreindu skiptigengi.

Kr. _____ x 0,508 = kr. _____
 Nafnverð hlutafjár í Íslenska hugbúnaðarsjóðnum hf. Nafnverð hlutafjár í Fjárfestingarfélaginu Straumi hf.

Ég, undirrituð/aður, lýsi því yfir að ég hef kynnt mér og sætti mig að fullu við tilboð og tilboðsyfirlit Fjárfestingarfélagsins Straums hf. Jafnframt geri ég mér grein fyrir að samþykki mitt er bindandi.

Ég, undirrituð/aður, veiti hér með Landsbanka Íslands hf., kt. 540291-2259, Laugavegi 77, 155 Reykjavík, fulla heimild til að annast skipti á rafrænum hlutabréfum mínum í Íslenska hugbúnaðarsjóðnum hf. fyrir rafræn hlutabréf mín í Fjárfestingarfélaginu Straumi hf. í samræmi við samþykki mitt á tilboði Fjárfestingarfélagsins Straums hf. Hlutir þeir sem ég fæ í Fjárfestingarfélaginu Straumi hf. í samræmi við samþykki mitt skulu vistaðir á sama VS-reikningi og hlutir mínir í Íslenska hugbúnaðarsjóðnum hf. Reikningurinn er hjá þeirri reikningsstofnun sem ég merki við hér að neðan;

Landsbanki Íslands hf. Verðbréfastofan hf. Búnaðarbanki Íslands hf.
 Íslandsbanki hf. SPRON MP Verðbréf hf.
 Kaupþing hf. Íslensk verðbréf hf. Sparisjóður Hafnarfjarðar

Önnur reikningsstofnun: _____

Skipti á hlutabréfunum geta ekki farið fram nema bréfin séu veðbanda- og kvaðalaus. Landsbanki Íslands hf. áskilur sér rétt til að kanna að skiptin geti farið fram í samræmi við lög nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa.

 Dagsetning, undirskrift og kennitala hluthafa

Samþykki tilboðsins verður að hafa borist undirritað fyrir kl. 16:00 þann 30. maí 2003 á þessu eyðublaði til Landsbanka Íslands hf., Fyrirtækjapróunar, Laugavegi 77, 2. hæð, 101 Reykjavík.